

29. gr.

Fangi greiðir sjálfur kostnað vegna eigin símtala.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

30. gr.

Misnoti fangi rétt eða heimildir samkvæmt reglugerð þessari getur það varðað hann agaviðurlögum samkvæmt 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988.

31. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, og öðlast gildi 1. apríl 1990.

Jafnframt er felld brott reglugerð um fangavist nr. 206 9. september 1957, reglugerð um Vinnuhælið á Litla-Hrauni nr. 150 1. maí 1968 og reglugerð um Skilorðseftirlit ríkisins nr. 20 21. janúar 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. mars 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Porsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

**um sameiningu Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu
við Þingeyrarhrepp í sömu sýslu.**

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Auðkúluhrepp í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Þingeyrarhrepp í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Þingeyrarhreppur.
2. Þingeyrarhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi.
3. Íbúar Auðkúluhrepps og Þingeyrarhrepps skulu vera þegnar hins nýja Þingeyrarhrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Auðkúluhreppi og Þingeyrarhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Auðkúluhrepps skulu afhendast Þingeyrarhreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Þingeyrarhreppi í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Þingeyrarhrepps. Kjörtími hennar er til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. apríl 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 2. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.